



Fréttatilkynning

08 June 2026 10:50:00 GMT

Arion banki: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 22. maí 2026 um framkvæmd endurkaupaáætlunar. Í 23. viku 2026 keypti Arion banki eigin hluti á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. og sænsk heimildarskírteini (SDR) á Nasdaq í Stokkhólmi. Sjá frekari upplýsingar hér að neðan.

Endurkaup á hlutum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í umrædd skipti voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð	Hlutir í eigu Arion
1.6.2026	10:12:48	250.000	193,75	48.437.500	12.490.249
1.6.2026	10:13:36	100.000	193,75	19.375.000	12.590.249
1.6.2026	14:57:00	100.000	193,50	19.350.000	12.690.249
2.6.2026	10:27:49	200.000	194,00	38.800.000	12.890.249
2.6.2026	13:56:56	200.000	194,25	38.850.000	13.090.249
4.6.2026	11:36:06	100.000	196,00	19.600.000	13.190.249
4.6.2026	11:36:46	200.000	196,00	39.200.000	13.390.249
4.6.2026	12:21:27	200.000	196,00	39.200.000	13.590.249
5.6.2026	10:08:16	133.979	195,50	26.192.895	13.724.228



5.6.2026	10:21: 04	200.000	195,50	39.100.000	13.924.228
5.6.2026	14:24: 17	295.000	195,00	57.525.000	14.219.228
		1.978.979		385.630.395	14.219.228

Endurkaup á heimildarskírteinum á Nasdaq í Stokkhólmi voru eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keypt SDR	Viðskiptaverð	Kaupverð (SEK)	SDR í eigu Arion
1.6.2026	09:29: 52	9.000	14,5	130.680	3.707.280
3.6.2026	10:28: 23	1.883	14,5	27.304	3.709.163
3.6.2026	10:28: 23	6.117	14,5	88.697	3.715.280
		17.000		246.680	3.715.280

Arion banki átti fyrir viðskiptin í viku 23 samtals 15.938.529 eigin hluti og heimildarskírteini og á bankinn í lok viku 23 samtals 17.934.508 eigin hluti og heimildarskírteini. Samtals á bankinn nú sem nemur 1,30% af útgefnum hlutum í félaginu. Frá því að endurkaupaáætlun hófst hefur bankinn keypt samtals 3.708.979 hluti fyrir 730.585.395 kr. og 30.000 heimildarskírteini fyrir 440.380 sænskar krónur.

Heimilt er að kaupa allt að 532.000 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,04% af útgefnum hlutum og allt að 26.068.000 hluti á Íslandi, eða sem svara til 1,89% af útgefnum hlutum bankans (samtals um 1,93% af útgefnum hlutum). Fjárhæð endurkaupanna skal ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 100.000.000 kr. í Svíþjóð og 4.900.000.000 kr. á Íslandi (samtals 5,0 milljarðar króna). Framkvæmd endurkaupaáætlunar lýkur þegar framangreindu er náð eða í síðasta lagi 31. desember 2026. Arion banki hf. hefur heimild til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á tímabilinu.

Endurkaupaáætlunin er framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, eins og við á, þar með talin Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik („MAR“) og ákvæði framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2016/1052, sem og íslensk lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum auk reglna nr. 1290/2025 um sama efni.

**Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:**

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760,
eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s.
856 7171

Viðhengi

[Arion banki: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)